

Miðvikudaginn 20. marz 1963.

Nr. 163/1961. **Árni Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Ungmennafélagi Íslands

(Ragnar Ólafsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ágreiningur um vatns- og veiðirétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dagsettri 8. nóvember 1961, og gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Jónsson, greiði stefnda, Ungmennafélagi Íslands, kr. 4000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 14. ágúst 1961.

Ár 1961, mánudaginn 14. ágúst, var í aukadómþingi Árnassýslu, sem haldið var í skrifstofu hrl. Benedikts Sigurjónssonar við Lækjargötu í Reykjavík af hinum reglulega dómara, Páli

Hallgrímssyni, og meðdómendunum, hrl. Benedikt Sigurjónssyni, Reykjavík, og Teiti Eyjólfsyni iðnrekanda, Hveragerði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1960: Ungmennafélag Íslands gegn Árna Jónssyni, en málið var þingfest hinn 21. maí 1960 og tekið til dóms eftir munnlegan málflutning hinn 1. ágúst 1961.

Mál þetta hefur Eiríkur J. Eiríksson f. h. Ungmennafélags Íslands höfðað með stefnu, útgefinni 21. maí 1960, gegn eigendum Öndverðarness í Grímsneshreppi, þeim Árna Jónssyni, bónda í Alviðru, og Halldóri Guðlaugssyni, bónda í Öndverðarnesi. Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur Halldóri Guðlaugssyni, en hann sótti ekki þing í málinu og enginn af hans hálfu. Á hendur stefnda, Árna Jónssyni, gerði stefnandi þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi, að veiðiréttur svo og hver önnur vatnsréttindi í Sogi fyrir Þrastaskógslandi fylgi Þrastaskógslandi og sé eign stefnanda. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru atvik þessi:

Öndverðarnes í Grímsneshreppi virðist áður fyrr hafa verið þrjú býli, heimajörðin Öndverðarnes, Norðurkot og Suðurkot. Jarðir þessar virðast upphaflega hafa átt óskipt beitoland, en aðiljar telja, að Norðurkoti hafi verið skipt úr torfunni að öllu leyti fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli.

Með afsali, dags. 14. sept. 1909, seldi Guðmundur Ísleifsson, bóndi á Stóru-Háeyri, stefnda hálfa heimajörðina Öndverðarnes. Í afsalinu segir svo: „.... Undanþeginn sölunni er skóglendisblettur í óskiptu beitolandi Öndverðarnestorfunnar fyrir ofan Sogsbrú meðfram Soginu norður að Álftavatni, og takmarkast blettur þessi að vestan af Soginu, að norðan af Álftavatni og að austan af línu frá aðalveginum austan við Sogsbrúna, þar sem vegurinn beygist til austurs, beint í vörðu á Jókuhöfða og þaðan beina stefnu í Miðfellsfjall norður í Álftavatn. Blettur þessi skal allur í heild, að svo miklu leyti sem hann tilheyrir heimajörðinni Öndverðarnesi, vera mín óskert eign“ Eigandi hinnar hálflendu Öndverðarness áritaði afsal þetta með samþykki sínu sama dag. Afsal þetta var innritað til þinglýsingar hinn 25. febrúar 1914.

Með afsali, dagsettu 7. október 1911, seldi Guðmundur Ís-

leifsson Tryggva Gunnarssyni, fyrrv. bankastjóra, skóglendisblett þann „í óskiptu beitilandi Öndverðarnestorfunnar í Grímsnesi, sem er undanskilinn sölu í afsalsbréfi mínu til Árna bónda Jónssonar, dags. 14. sept. 1909, samþykktu s. d. af eiganda hálfis Öndverðarness, Halldóri Stígssyni, og 30. s. m. af eiganda Suðurkots, Vigfúsi Árnasyni. Skóglendisblettur þessi, sem samkvæmt mælingu 12. okt. 1909 er um 126.500 ferfaðmar eða hér um bil 140.5 vallardagsláttur að stærð, takmarkast að vestan af Soginu, að norðan af Álftavatni og að austan af línu frá aðalveginum austan við Sogsbrúna, þar sem vegurinn beygist til austurs, beint í vörðu á Jókuhöfða, þaðan bein stefna í Miðfellsfjall norðan í Álftavatn. Landsvæði þetta sel ég velnefndum hr. Tryggva Gunnarssyni fyrir umsamið kaupverð 1000 — eitt þúsund — krónur, og með því að hann hefur þegar greitt mér upphæð þessa, segi ég hann hér með réttan eiganda að ofangreindum skóglendisbletti, óátalið af öllum, og má hann því hagnýta sér þessa eign sína, eins og hann bezt vill og getur, og hefur öll réttindi yfir henni til lands og vatns“

Hinn 18. október 1911 ritaði Tryggvi Gunnarsson á skjal þetta afsalsyfirlýsingu, en þar segir svo: „.... Landspildu þá í Öndverðarnestorfu, sem mér er seld með framanrituðu afsalsbréfi, gef ég hér með Ungmennafélagi Íslands með öllum sömu réttindum, sem afsalið veitir mér, og með þeim nánari skilyrðum, sem tekin eru fram í sérstöku gjafabréfi mínu, dagsettu í dag.“ Skjal þetta var innritað til þinglýsingar hinn 14. maí 1928.

Gjafabréf Tryggva Gunnarssonar til stefnanda er dagsett 18. október 1911. Í því rekur hann tilgang sinn með gjöfinni, sem sé þann að styðja skógræktarstarfsemi ungmennafélaganna. Þá segir svo í gjafabréfinu: „Hina afhentu landspildu má Ungmennafélagið ekki selja né veðsetja. En skyldi, mót von minni, fara svo, að félagið upphefjist eða þreytist á að rækta blettinn, óska ég, að hann gangi til landssjóðs Íslands og verði hans eign til skógræktar.“ Gjafabréf þetta er innritað til þinglýsingar hinn 14. maí 1928.

Hinn 5. júlí 1924 ritaði Sigurður Ólafsson, fyrrverandi sýslumaður í Kaldaðarnesi, að beiðni stefnda svohljóðandi yfirlýsingu: „Með afsalsbréfi 14. sept. 1909 seldi Guðmundur bóndi Ísleifsson á Háeyri Árna bónda Jónssyni í Alviðru hálfu heimaörðina Öndverðarnes í Grímsneshreppi, að undanskildum hluta heimaörðarinnar í skóglendisbletti, er liggur að Soginu og Álftavatni, í óskiptu beitilandi Öndverðarnestorfunnar. Að beiðni hlutaðeig-

enda var ég viðstaddur samning þeirra um jarðakaupin og samdi fyrir þá afsalsbréfið. Minnst ég þess ekki, að til tals kæmi, að nokkur veiðiréttur í Soginu eða Álftavatni skyldi fylgja téðum skóglendisbletti, enda hefði það þá að sjálfsögðu verið tekið fram berum orðum í afsalsbréfinu, en þar er ekkert á þetta minnt, og verð ég líta svo á, að hin selda jörð hafi verið afsöluð með veiðirétti og vatnsréttindum óskertum að öllu leyti.“ Skjal þetta var innritað til þinglýsingar hinn 8. maí 1928.

Á árinu 1927 var landi skipt á milli Suðurkots og Öndverðar-ness. Um nokkurt skeið hafði eigandi Suðurkots á leigu spildu úr landi stefnanda, — en land hans mun þá hafa verið nefnt Þrastaskógur — og reisti þar veitinga- og gistihús, sem hann rak um skeið.

Á árinu 1938 stofnuðu landeigendur, sem veiðirétt áttu í Ölfusá og ám, sem í hana renna, þar á meðal Soginu, fiskiræktar- og veiðifélag, og hafði það eitt heimild til að ráðstafa laxveiðirétti í Soginu og skipti arði á milli landeigenda í ákveðnum hlutföllum. Bæði stefnandi og stefndi gerðu kröfu til þess að fá arðinn, sem kom í hlut lands þess, er hér um ræðir, en Þrastaskógslandi hafði verið ákveðinn sérstakur arðeiningafjöldi. Treystist fiskiræktar- og veiðifélagið ekki til að inna féð af hendi og hefur varðveitt það síðan.

Á árinu 1955 var heimaörðinni Öndverðarnessi skipt á milli stefnda og eiganda hinnar háflendunnar. Hlaut stefndi allt land meðfram Sogi.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ljóst sé, að þegar Guðmundur Ísleifsson undanskildi landspildu þessa við söluna til stefnda, þá hafi fylgt henni öll þau venjuleg veiði- og vatnsréttindi, er landi eigi að fylgja. Slíkt hafi verið í samræmi við þá lagareglu, er gilt hafi, þegar gerningur þessi var gerður, og í algeru samræmi við ákvæði 2. mgr. 16. gr. vatnalaganna nr. 15/1923, sem hafi verið staðfesting á eldri reglum. Hafi átt að skilja veiðirétt og önnur vatnsréttindi frá landinu, þá hefði þurft að taka slíkt sérstaklega fram. Í samræmi við þetta sé einnig afsal Guðmundar Ísleifssonar til Tryggva Gunnarssonar, sbr. orðin: „Öll réttindi yfir henni til lands og vatns“. Yfirlýsing Sigurðar Ólafssonar skipti hér ekki máli, þar sem hann viðurkenni, að ekkert hafi verið um veiði eða vatnsréttindi rætt.

Þá hefur stefnandi sérstaklega mótmælt því, að stefndi hafi

unnið nokkra hefð á veiði- eða vatnsréttindum þeim, sem hér um ræðir, enda hafi hann ráðstafað veiðiréttindum þarna öðru hvoru, áður en fiskiræktar- og veiðifélagið var stofnað.

Maður, sem hafði umsjón með landi þessu eftir 1924 og fram til 1938, hefur skýrt svo frá, að hann hafi sjálfur veitt í Soginu fyrir Þrastaskógarlandi og leyft öðrum veiði þar. Eitt fyrsta sumarið, sem hann hafi verið þarna, hafi stefndi sýnt honum yfirlýsingu Sigurðar Ólafssonar varðandi þessi mál. Kveðst maður þessi þá hafa rætt við Guðmund Ísleifsson, sem hafi fullyrt, að honum hafi aldrei dottið annað í hug, þegar hann undanskildi spildu þessa við söluna til stefnda, en að henni fylgdi vatns- og veiðiréttur. Þá kveðst maður þessi hafa sem framkvæmdastjóri stefnanda veitt eigendum gistihússins að Þrastarlundi heimild til að láta gestum í té veiðileyfi. Hótelið hafi síðan oft auglýst veiðileyfi í blöðum og bæklingum. Hafi aldrei komið fram nein andmæli frá stefnda varðandi þetta. Eftir stofnun fiskiræktar og veiðifélagsins hafi ekki komið til laxveiði þarna.

Þá hefur stefnandi mótmælt því, að stefndi hafi notað veiði þarna um hefðartíma fullan, þar sem tímamark slíkrar hefðar sé 40 ár.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að með afsalinu frá 18. október 1909 hafi hann eignast hálfa jörðina Öndverðarnes með öllum gögnum og gæðum, að undanskildri framangreindri skóglendissspildu. Ef ætlunin hafi verið að undanskilja veiði- og vatnsrétt í Soginu fyrir landspildunni, hefði orðið að taka það sérstaklega fram. Þegar þess sé getið í afsalinu, að spildan nái að Sogi, sé einmitt talað um, að hún sé meðfram Sogi. Þetta hafi einnig verið skilningur Sigurðar Ólafssonar, fyrrverandi sýslumanns, er hafi samið afsalsskjalið. Við landskiptin 1955 hafi einmitt þessi hluti landsins að Sogi komið í hans hlut, og hann eigi því veiði- og vatnsrétt fyrir landi stefnanda. Það skipti engu máli, hvað sagt sé í síðari afsölum varðandi þessi atriði, enda skeri þau ekki úr um þetta.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að strax er hann vissi, að stefnandi taldi sig eiga veiðirétt þarna, þá hafi hann mótmælt því við umsjónarmann hans, líklega um 1924, og fengið sér þá yfirlýsingu Sigurðar Ólafssonar.

Þá telur stefndi og hefur lagt fram þaraðlútandi vottorð, að hann hafi á undanförnum árum bæði veitt sjálfur frá bryggj-

um fyrir landi stefnanda og veitt öðrum veiðileyfi þar. Hann hefur sérstaklega tekið fram, að þótt eigandi Hótel Þrastalundar kunni að hafa veitt gestum sínum veiðileyfi í Soginu, þá skipti það hér ekki máli, þar sem eigandi hótelsins hafi einnig verið eigandi Suðurkots, sem hafi átt land að Sogi. Stefndi telur, að ákvæði vatnalaganna skipti hér ekki máli, þar sem þau séu yngri en löggæringar þeir, sem um er að ræða.

Þá telur stefndi, að þótt svo yrði litið á, að hann hefði ekki eignast rétt þennan í upphafi, þá hafi hann eignast hann síðar fyrir hefð, þar sem hann hafi veitt þarna í góðri trú og án nokkurra athugasemda í hefðartíma fullan eða 20 ár, en hér sé um sýnilegt ítak að ræða, ef þannig verði á mál þetta litið.

Það virðist ljóst af gögnum málsins, að við afsalsgerðina 14. september 1909 hafi ekkert rætt um veiðirétt og vatnsréttindi í Soginu fyrir landspildu þeirri, sem Guðmundur Ísleifsson undanskildi við söluna til stefnda og nú er eign stefnanda og nefnd Þrastaskógur.

Það er forn regla í íslenskum lögum, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörðu, sbr. Jb., landsleigubálkur 56. kap., sem síðar hefur verið staðfest með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 og laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Telja verður, að ef skilja hefði átt frá landinu venjulegan vatns- og veiðirétt í á þeirri, sem það lá að, þá hefði orðið að taka slíkt fram bein-um orðum. Verður því að ætla, að í upphafi hafi réttindi þessi fylgt nefndri landspildu.

Það verður að telja sannað, að stefndi hafi á undanfórnum árum veitt fyrir landi þessu, a.m.k. öðru hvoru, allt til þess, að fiskiræktar- og veiðlfélagið var stofnað árið 1938. Þessi not hans virðast ekki hafa verið samfelld. Þá virðist einnig, að af hálfu stefnanda hafi verið rekin veiði þarna og að ágreiningur hafi snemma risið upp um þetta atriði. Þar sem hér mundi vera um ósýnilegt ítak að ræða, þyrftu notin að hafa staðið í 40 ár til þess að hefð ynnist á afnotaréttinum samkvæmt ákvæðum 8. gr. hefðarlaganna nr. 46/1905. Með vísun til þessa og þegar þess er gætt, að stefndi virðist snemma hafa fengið ástæðu til að efast um, að hann hefði rétt til veiði þarna, þá þykir hann ekki hafa unnið hefð á veiðirétti.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka dómkröfur stefnanda til greina, en eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnandi, Ungmennafélag Íslands, á vatns- og veiðirétt
í Sogi fyrir Þrastaskógarlandi í Grímsneshreppi.
Málskostnaður í máli þessu falli niður.

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 56/1962. **Véla- og plötusmiðjan Atli h/f,**
Vélsmiðja Steindórs h/f,
Stefán Stefánsson,
Valmundur Guðmundsson og
Stefán H. Steindórsson
(Tómas Árnason hdl.)
gegn
Bifreiðastöðinni Stefni s.f.
(Örn Clausen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um gildi umboðs vegna félagsskapar.
Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, en hina áfrýjuðu fjárnámsgerð hefur framkvæmt Ásmundur S. Jóhannson, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjendur hafa skotið bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar, að því er þá varðar, með stefnu 10. apríl 1962. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda í málinu. Áfrýjandi Vélsmiðja Steindórs h/f hefur einnig skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð, er framkvæmd var í eignum hans samkvæmt héraðsdómi hinn 23. marz 1962. Krefst nefndur áfrýjandi þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.